

Mánudaginn 10. mars 1975.

Nr. 138/1973. Ólafur Ólafsson

(Örn Clausen hrl.)

gegn

Jóni Pálssyni og gagnsök

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Legi Einarsson.

Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 4. október 1973. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 86.994 með 8% ársvöxtum frá 6. maí 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa nokkur vitni gefið skýrslur fyrir dómi.

Vitnaskýrslur í máli þessu eru ósamhljóða, og önnur sönnunargögn eru óljós.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara að miða við það, að landstærð að flatarmáli 4.7 ha verði lögð til grundvallar kröfum gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda. Um verðákvörðun í sambandi við þökuristuna þykir rétt að leggja til grundvallar reikningsgerð gagnáfrýjanda, sem á því er reist, að jafnt hafi verið rist hvort sumarið um sig 1968 og 1969. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 56.994 með 8% ársvöxtum frá 6. maí 1971 til greiðsludags, en vaxtakröfunni hefur eigi verið sérstaklega andmælt.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að undanskildu ákvæði um málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Pálssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda í máli þessu um endurgjald fyrir túnþökur, sem hann leyfði aðaláfrýjanda að rista á landi sínu. Reiknar hann endurgjaldið sem tiltekna upphæð fyrir hvern fernetra og leggur þá saman flatarmál hvors tveggja landsins, þess, sem af var rist, og hins, sem spillist vegna umferðar við ristu og flutninga.

Vitnaskýrslur um túnþökuristu aðaláfrýjanda á landi gagnáfrýjanda eru mjög ósamhljóða. Gagnáfrýjandi hófst handa um skurðgröft á landinu, jöfnun uppgrafar og jarðvinnslu án þess að staðreyna, hversu miklu landi aðaláfrýjandi hafði rist ofan af. Varð ekki gengið úr skugga um þetta til hlítar eftir þær framkvæmdir. Hann miðar enn fremur kröfugerð sína við það, eins og fyrr segir, að sér beri greiðsla úr hendi aðaláfrýjanda eftir samanlögðu flatarmáli túnþakanna, sem aðaláfrýjandi risti, og flatarmáli landsins, sem spilltist af traðki vegna ristunar. Ekki hefur hann þó upplýst, hverjar venjur gildi um síðastgreint atriði í viðskiptum eins og þeim, er málið fjallar um, en ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi spillt grasrót í landi hans um nauðsyn fram. Samkvæmt því, sem nú var rakið, og þegar hafður er í huga aðdragandi að samkomulagi málsaðilja, þá þykja málgögn

svo ótraust um þann þátt í kröfugerð gagnáfrýjanda, er lýtur að því, við hvaða landstærð sé hér rétt að miða, að aðaláfrýjanda verður ekki gert að greiða fyrir túnpökur af stærra landi en því, sem hann hefur viðurkennt að hafa rist ofan af samkvæmt eigin mælingu, eða samtals 30253 m².

Í héraðsdómi eru raktar gagnstæðar staðhæfingar málsaðilja um það, hvernig samist hafi með þeim í öndverðu um endurgjald aðaláfrýjanda fyrir þær þökur, sem hann risti í túni gagnáfrýjanda. Hvorugur málsaðilja hefur sannað staðhæfingar sínar um þetta, og sjálfur hefur gagnáfrýjandi ekki miðað endurgjaldskröfu sína í málinu við þann samningsgrundvöll, sem hann telur réttan, en krefur aðaláfrýjanda um greiðslu, sem nemur 2 krónum fyrir hvern m² vegna þökuristu 1968, en 3 krónum fyrir hvern m² vegna þökuristu 1969. Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að framangreint verð sé ósanngjarnt, og verður það lagt til grundvallar dómi í málinu, sbr. 5. gr. laga nr. 39/1922, sem hér á við fyrir lögjöfnun.

Dómkröfur sínar miðar gagnáfrýjandi við, að aðaláfrýjandi eigi að greiða fyrir túnpökuristu á samtals 5.9 ha lands. Áætlað hann, að jafnt hafi verið rist árin 1968 og 1969, eða 2.95 ha hvort ár. Eigi heildarendurgjald þá að nema kr. 147.500. Frá þeirri fjárhæð dregur gagnáfrýjandi greiðslur, sem hann hefur fengið frá aðaláfrýjanda, alls kr. 60.506. Kemur þá út fjárhæð dómkröfu hans. Aðaláfrýjandi hefur lýst því fyrir Hæstarétti, að hann hafi rist mikinn minni hluta af þökunum árið 1968, eða aðeins um það bil 5000 m². Afganginn, um það bil 25253 m², hafi hann rist 1969. Þykir rétt að leggja þessa skiptingu til grundvallar, en hún er gagnáfrýjanda hagstæðari en sú, sem hann sjálfur hefur áætlað, miðað við þá verðlagningaraðferð, sem hann beitir. Ber aðaláfrýjanda samkvæmt þessu að greiða gagnáfrýjanda kr. 85.759 (5000 x 2 kr. + 25.253 x 3 kr.) að frádregnum kr. 60.506, eða alls kr. 25.253 með vöxtum svo sem krafist er, en vaxtakrafan hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 35.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð tel ég samkvæmt þessu eiga að hljóða svo:

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Pálssyni, kr. 25.253 með 8% ársvöxtum frá 6. maí 1971 til greiðsludags og kr. 35.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 30. júlí 1973.

I.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Árnassýslu með stefnu, útgefinni 20. júní 1972, af Jóni Pálssyni, dýralækni á Selfossi, gegn Ólafi Ólafssyni garðyrkjumanni, Stuðlum í Ölfushreppi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 86.994 auk 8% ársvaxta frá 6. maí 1971 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins. Stefndi krefst algerrar sýknu svo og málskostnaðar að skaðlausu. Eftir að málið hafði að loknum munnlegum málflutningi verið lagt í dóm hinn 3. mars sl., var það með úrskurði 30. mars sl. tekið upp til frekari gagnaöflunar, og að henni lokinni og nýjum munnlegum flutningi var málið síðan tekið til dóms 3. þessa mánaðar, en sökum annríkis dómarsins og óhjákvæmilegra fjarvista úr bænum hefur dómur ekki orðið kveðinn upp fyrr en nú.

II.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að vorið 1968 talaðist svo til með aðiljum málsins, að stefndi skæri og keypti þökur af túni stefnanda í Árbæjarlandi á Ölfusárþökkum. Hefur stefndi fengist við slíkan þökuskurð og sölur, en rekur annars garðyrkjustöð. Milli þeirra aðiljanna hafði verið gott nábyli og þeir veitt hvor öðrum ýmsa aðstoð eftir því sem á stóð og til þurfti hverju sinni. Hafði stefnandi nú í hug að bylta túni sínu og ræsa betur fram, en túnið var gamalræktað, sbr. uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar frá 1942 (dskj. 14). Útkantar þess neðst voru þó ekki í fullri rækt og hér og þar í landinu einhverjar skemmdir eða lélegir blettir, eins og oft vill verða, þótt aðiljum málsins komi nú ekki saman um, hvort eða hve mikil brögð hafi verið að slíku. Var land það, sem stefndi fékk þannig til ofanristu og „umráða“ samtals 9.7 hektarar miðað við útlínur, sbr. uppdrátt Vals Þorvaldssonar ráðunauts, sem hann gerði síðar og í öðru sambandi, dskj. 6. Kemur landstærð og lögum túnsins eftir uppdrætti þessum nálega að öllu heim við uppdráttinn frá 1942.


Engir sérstakir samningar voru að öðru leyti gerðir milli málsaðilja um viðskipti þessi. Stefnandi heldur því að vísu fram, að talað hafi verið um, að stefndi skilaði „túni fyrir tún“, en þessu neitar stefndi með öllu, og verður það því ekki talið sannað. Aðiljum ber hins vegar saman um, að ekkert hafi verið samið sérstaklega um verð á þökunum. Stefndi viðurkennir, að svo hafi verið samið, að hann skæri af túninu eins mikið og „hægt væri“, en um úttekt eða mælingu á hinu skorna landi virðist ekkert hafa verið samið, þar á meðal ekkert um það, hvernig reikna skuli land það, sem fer í traðk vegna bílflutninga þaknanna um og út af landinu og nýtist þess vegna ekki til þökuskurðar.

Eftir að stefnandi hafði hirt tún sitt sumarið 1968, tók stefndi til við þökuskurðinn og telur sig hafa rist af ca hálfum hektara það sumar. Afganginn hafi hann svo rist síðara sumarið. Kveðst hann þá hafa gert stefnanda aðvart um að koma eða láta mæla með sér „pæluna“. Þessu mótmælir stefnandi, og verður það því að teljast ósannað í málinu. Kveðst stefndi þá hafa mælt hið ofanafrista land sjálfur samviskusamlega með málbandi og hafi það reynst vera 3.053 ha. Niðurstöðu þessa eða mælingu virðist hann hins vegar ekki hafa tilkynnt stefnanda fyrr en löngu síðar, eða 4. maí 1971 (sbr. dskj. 4), hálfu öðru til tveim árum eftir að þökuskurði lauk. Sendi hann stefnanda um leið lokagreiðslu, að hann taldi, vegna viðskipta þessara. Stefnandi mótmælti með bréfi 6. næsta (sic) mánaðar bæði mælingu og lokauppgjöri þessu, sbr. nánar hér á eftir.

Þegar að þökuskurði þessum loknum hóf stefnandi endurræktun landsins með því að grafa skurð þvert yfir landið (milli spildna 1 og 5, sbr. uppdrátt hér á eftir) og hreinsa upp úr öðrum. Sumarið 1970 var ýtt út ruðningum og landið lokræst og jafnað, en um haustið plógherfað (grófunnið). Hinn 22. apríl 1971 fékk stefnandi síðan ráðunaut til þess að gera uppdrátt af landinu (dskj. 6) með tilliti til þess, hve mikið þyrfti af áburði og grasfræi til þess að „fínvinna“ landið og rækta það upp. Leit uppdrátturinn þannig út, en hann er þingmerktur nr. 6 í dóms-skjölum:

22. april '71

Jön Palsson Våbe alle 8,65 ha



Upplýsingarinn hefur ekki sætt andmælum sem slíkur.

Eftir að stefnanda hafði borist bréfið, dags. 4. maí, sem fyrr greinir, lét hann ráðunautinn gera sundurliðaða athugun eða áætlun um, hve stórum svæðum túnsins hafi verið rist ofan af. Komst stefnandi síðan að þeirri niðurstöðu, að stefndi hefði rist af minnst 5.9 ha, eftir að hann (stefnandi) hafi þó fyrir varúðarsakir dregið frá ca 1 ha til þess að vera örugglega innan réttra stærðarmarka. Því næst skrifaði stefnandi bréf til stefnda, dags. 6. maí 1971, mótmælti mælingum stefnda, eins og fyrr segir, og stakk upp á að miða við 5.9 ha þökuskurð bæði árin, er skiptist að jöfnu, þannig að 2.95 ha greiðist með 2 kr. á fermeter, en 2.95 ha 3 kr. ferm. Samkvæmt þessu taldi hann stefnda eiga ógreiddar kr. 86.994, sem hann óskaði greiðslu á „við fyrstu hentugleika“, en kvaðst að öðru leyti tilbúinn að leggja málið í gerð óvilhallra manna. Þegar stefndi hafnaði hvoru tveggja þessu, leiddi það til málssóknar þeirrar, sem hér er til meðferðar.

Ítrekaðar sáttatilaunir fóru fram í málinu, en án árangurs.

III.

Kröfugerð stefnanda er studd þeim rökum, að hann hafi léð stefnda allt tún sitt til þökuskurðar, og því mátt og hlotið að ganga út frá því, að rist yrði ofan af svo miklu, sem tók væru á og aðstæður leyfðu, enda sé þetta reyndar viðurkennt af stefnda í dskj. 8. Stefnandi kveðst aldrei mundu hafa heimilað túnið til þökuskurðar upp á önnur býti, enda sé það hrein fjarstæða, að ekki hafi mátt skera af nema sem svarar tæpum þriðjungi túnsins, svo sem stefndi heldur fram. Stefnandi hafi heldur ekki tryggt sér sönnun í því efni, svo sem með því að kalla til óviðkomandi aðilja. Stefnandi mótmælir mælingu þeirri, sem stefndi kveðst hafa gert eftir þökuskurðinn, og telur það yfirsjón sína að hafa ekki verið betur á verði gagnvart stefnda. Hann kveður það alrangt, að túnið hafi verið svo illa farið sem stefndi vill vera láta, enda mest af því slétt, véltækt og yfirleitt í góðri rækt. Hann telur stefnda hafa rist af miklu stærri svæðum en hann nú vilji kannast við, auk þess sem miklu af góðu þökulandi hafi verið spillt með þungabílflutningum í vætutíð, einkum síðara sumarið. Loks hafi stefndi flutt inn á landið mikið af sandi og rauðamöl, sem hafi kostað sig stórfé að fjarlægja, áður en endurræktun þess yrði haldið áfram. Hafi stefnandi af öllum þessum viðskiptum við stefnda orðið fyrir stórfelldu tjóni.

Kröfuútreikninga sína byggir stefnandi að öðru leyti þannig

upp, að skorinn hafi verið reitur nr. 1, (4.10 ha), sbr. uppdráttinn á dskj. 6, enn fremur 1.8 ha af reit nr. 5, eða alls 5.9 hektarar. Hins vegar hafði stefnandi til varúðar „sleppt alveg að reikna með nokkuð af spildum 2, 3 og 4 og einum ha af spildu 5“, enda þótt einnig hafi verið töluvert skorið af þeim spildum. Helming þessara landstærða, 2.95 ha, reiknar hann síðan á 2 kr. fermeterinn, en hinn helminginn á 3 kr. ferm, en það hafi verið gangverð á túnþökum þessi sumur.

Stefndi hefur, eins og áður segir, krafist algerrar sýknu í málinu. Hann heldur því fram, að þar sem kröfugerð stefnanda sé byggð á einberri ágiskun og ekki studd neinum þeim rökum, sem mark verði tekið á, sé málið í rauninni ódómtækt fyrir vanreifun og beri þess vegna að vísa því frá dómi. Gerði hann upphaflega beina kröfu þar um, en féll frá henni á síðara stigi málsins, en byggði áfram á því sem efnislegri sýknuástæðu, að málið væri af stefnanda hendi algerlega óupplýst og vanreifað frá grunni. Hann telur sig að fullu og fyrir löngu hafa gert upp við stefnanda og sé kröfugerð þessi og málssókn því allt of seint fram komin. Hann kveður tún stefnanda hafa verið mjög lélegt, holótt og kalið, og ekki verið unnt að rista ofan af nema „bletti og bletti“ hingað og þangað. Þess vegna hafi það og verið alger forsenda af hans hendi, að greiðsla færi ekki fram úr 2 kr. á fermeterinn. Mælingu sína á hinu skorna landi kveður stefndi sig hafa gert eftir bestu samvisku, enda hafi hann og skorað á stefnanda að koma og mæla með sér landið, en því hafi hann engu sinnt. Það hafi svo ekki verið fyrr en löngu síðar, eftir að fullnaðaruppgjör hafði farið fram og eftir að stefnandi hafði plægt landið og ýtt skurðruðningum yfir það, að stefnandi fitjar upp á nýjum kröfum, en þá hafi hann þannig verið búinn að afmá endanlega þau ummerki og sönnunaraðstöðu, sem áður voru fyrir hendi og útilokað hefðu alla óvissu og ágreining. Samkvæmt almennum og viðurkenndum reglum beri stefnandi því alla sönnunarbyrði og sönnunarhalla í þessu máli. Stefndi telur uppdráttinn á dskj. 6 engu máli skipta í þessu sambandi, þar sem hann sé eingöngu gerður með tilliti til endurræktunar landsins og áburðarþarfar, og vætti ráðunautsins þýðingarlaust í þessu máli, enda verði hann heldur ekki talinn með öllu óvilhallt vitni.

IV.

Eins og sjá má, ber hér ærið mikið á milli, og má segja, að staðhæfing standi gegn staðhæfingu um flest það, sem máli skiptir.

Nokkur vitni hafa komið fyrir dóminn, einkum í þá veru að reyna að fá fram upplýsingar um stærð þeirra túsuvæða, sem stefndi skar þökur af hjá stefnanda umrædd sumur, 1968 og 1969. Ráðunauturinn, Valur Þorvaldsson, hefur þrívægis komið fyrir dóminn sem vitni. Vitnið viðurkennir að hafa að beiðni stefnanda gert margnefndan uppdrátt (dskj. 6) og hafi á þeim tíma verið búið að plógherfa landið og ýta út skurðruðningum. Vitnið er spurt, hvort það „geti um það sagt, eftir að land hefur verið plógherfað, hvar af landinu hafi verið teknar þökur og hvar ekki, segir vitnið, að mjög auðvelt sé að sjá það eftir plóg-herfun, en hins vegar sjáist það ekki þar, sem ruðningum hefur verið ýtt út“. Og vitnið tekur fram, að „það hafi komið á umrætt land oftar en einu sinni, og þar á meðal áður en byrjað var að vinna það til ræktunar, eftir að þökuskurðinum var lokið“. Þá var enn frekar bókað eftir vitninu: „Vitnið telur, að skorið hafi verið að mestu leyti af allri spildunni nr. 1 (4.10 ha), alveg af spildu 2, (0.20 ha), af ræmu með austurhlið spildu nr. 3 (1.25 ha), nánast allri spildu nr. 4 (0.30 ha) og nokkuð af spildu nr. 5 (2.80 ha), en hve mikið var skorið af síðast nefndu spildunni, vill vitnið ekki giska á nánar“.

Nokkur fleiri vitni hafa verið leidd fyrir dóminn að beggja aðilja tilhlutan. Vitni þau, sem stefnandi hefur leitt í málinu, eru öll vel staðkunnug, og eftir framburðum þeirra er svo að sjá sem stefndi hafi rist ofan af öllu stærri svæðum í túninu heldur en vætti ráðunautsins, sem nú var rakið, bendir til og muni því áætlun hans í varlegra lagi. Vitni þau, sem stefndi hefur hins vegar komið með fyrir réttinn, eru fjærþúandi menn, sem keypt hafa eða ekið afristum þökum stefnda af umræddu landi. Eftir þeirra vætti að dæma virðist stefndi hafa rist af mun minna landi heldur en önnur vitni bera. En framburðir þessir útiloka heldur ekki, að fleiri hafi fengið þökur hjá stefnda, þess vegna meira land verið rist en vitni þessi geta borið um (sbr. réttarhald 18. okt. 1972). Ber vitnun málsaðiljanna þannig lítt eða ekki saman og vitnisburðargildi þeirra af ýmsum ástæðum takmarkað og því þýðingarlítið að rekja framburðina nánar í einstökum atriðum, og má segja, að ráðunauturinn hafi þar nokkra sérstöðu. Þess má geta til viðbótar, að maður sá, er plægði landið, telur sig ekkert geta munað um þessa hluti.

Þar sem gagnasöfnun í málinu virtist þannig ekki leiða til neinnar öruggrar niðurstöðu enn sem komið var, kvað dómarrinn upp hinn 30. mars 1973 úrskurð samkvæmt heimild í 120. gr. laga

nr. 85/1936, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að afla frekari gagna, sérstaklega:

a) Að leggja fram minnisbók þá eða vasabók, sem stefndi sýndi lauslega í síðasta þinghaldi, sem virtist hafa að geyma einhverjar upplýsingar um þökuskurð stefnda á landi stefnanda.

b) Að stefndi upplýsi, hvort hann hafi nokkrar teikningar og/eða minnisgreinar um mælingu þá, sem hann kveðst hafa gert á hinu þökuskorna landi, og þá að leggja þær fram.

c) Aflað verði vættis þess eða þeirra, sem tóku til við plægingu og endurræktun landsins, eftir að þökuskurði stefnda var lokið.

d) Að stefndi leggi fram gögn úr bókhaldi sínu þau ár, sem hér skipta máli og sem væntanlega geta gefið upplýsingar um þökuskurð hans og sölur.

e) Að afla annarra gagna, sem framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Þrátt fyrir úrskurð þennan tókst aðiljum ekki að upplýsa málið frekar. Stefndi lagði ekki fram neinn uppdrátt eða riss í sambandi við mælingu sína á landinu eða gerði grein fyrir henni á annan hátt né heldur nein gögn úr bókhaldi sínu eða minnisbókum, sem nokkurs voru virði, og stefnandi kom ekki með plægingamanninn fyrir dóm, en hann er búsettur norður í landi. Hins vegar bar hann réttinum þau skilaboð frá honum, að hann myndi ekkert um plæginguna, eins og áður var sagt, og gæti því ekkert um hana borið fyrir rétti. Lýstu aðiljar gagnasöfnun lokið, og var málið því næst flutt á nýjan leik og tekið til dóms.

V.

Augljóst er, að mjög brestur á upplýsingar í máli þessu, einkum hvað snertir stærðir landspildna þeirra, sem stefndi skar þökur af, svo og ástand túnsins, áður en rist var. Um hvort tveggja þetta hefur aðiljum láðst að tryggja sér viðhlítandi sannanir og báðum orðið á í því efni. Hvað landstærðirnar snertir, var það fyrst og fremst skylda stefnanda að tryggja sér sannanir eða láta mæla landið, þar sem hann lét bylta túninu og gera áframhaldandi ræktunarframkvæmdir, sem að sjálfsögðu torvelduðu slíkar mælingar eftir á. Þótt ósannað verði að telja, að honum hafi verið gert sérstaklega aðvart, þegar þökuskurði stefnda var lokið, leysir það stefnanda ekki frá sönnunarskyldunni, nema annað og fleira komi til. Hann hafði alla aðstöðu til að fylgjast með því sjálfstætt, hvað þessum hlutum liði, og gera viðeigandi

ráðstafanir. Landstærðir þær, sem hann miðar kröfugerð sína við, eru að nokkru eða miklu leyti ágiskanir og verða því einar sér ekki lagðar til grundvallar dómi í málinu.

Á hinn bóginn verður heldur ekki byggt á landstærðum þeim, sem stefndi færir til. Því er lýst í greinargerð hans fyrir dóm-inum, að hann hafi orðið að „sæta lagi“ og taka „blett og blett hér og þar“, sökum þess hve túnið hafi verið kalið og holótt. Mælingu á slíkum þökuskurði varð þess vegna að gera með sérstakri nákvæmni, helst með uppdrætti eða einhverjum þess konar aðferðum. Þá hefði einnig þurft að mæla land það, sem ekki hefur nýst til þökuskurðar vegna traðks og skornings af völdum bíla-umferðar og flutninga. Stefndi hefur enga grein gert fyrir því, hvornig hann hagaði mælingu sinni, og að engu leyti tryggt sér sönnun fyrir réttleika hennar, sem honum hefði þó verið allsendis innan handar, svo sem með því að kalla til mælingamann eða annað gott og trúverðugt vitni. Þetta var honum ekki síður nauðsynlegt, þótt rétt væri, að stefnandi hafi ekki sinnt áskorun um að mæta til mælingarinnar. Eins og á stóð og þar sem stefndi viðurkennir, að umsamið hafi verið, að hann skæri þökur af umræddu túni „eftir því sem hægt væri“, þar honum sérstaklega að tryggja sér sönnun í þessum efnum, strax er þökuskurði lauk. Þetta virðist honum algerlega hafa sést yfir. Í annan stað hefur hann enga grein gert fyrir því, hvers vegna hann tilkynnti ekki stefnanda án tafar um niðurstöðu mælingar sinnar, heldur virðist hann hafa dregið það upp undir tvö ár, eða þar til endurræktun landsins er svo langt á veg komin, að ekki er lengur unnt að hans eigin dómi að staðreyna hið rétta. Þykir því ekki fært að leggja útreikninga eða mælingar stefnda til grundvallar í málinu. Er þannig líkt á komið með báða málsaðilja að þessu leyti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, virðist ekki annað fyrir hendi en meta það sjálfstætt, sem ætla má um stærð hins ofanristaða lands, með hliðsjón af því, sem helst má telja upplýst í málinu. Kemur þar fyrst og fremst til álita vætti Vals Þorvaldssonar ráðunauts, en hann verður að teljast höfuðvitnið í málinu. Hann er staðkunnugur í besta lagi, kom á landið bæði undan og eftir að endurrækt þess hófst, og sem kunnáttumanns hlýtur vætti hans að vera þyngra á metum en ella. Er hvort tveggja, að ekki verður á það fallist, að samskipti hans við stefnanda dragi á nokkurn hátt úr sanngildi framburðar hans, enda á hinn bóginn greinilegt af samanburði við aðrar vitnaskýrslur, að áætlun hans um stærðir hins þökuskorna lands er síst óvarleg.

En eftir athugun hans og framburði virðast umræddar landstærðir vera nálægt 5 hektörum, eða jafnvel eitthvað yfir það. Er þannig augljóst, að reikna má með mun stærra landi heldur en mæling stefnda bendir til og hafi hún því verið á einhvern hátt ónákvæm, enda væri með nokkrum ólíkindum, að ekki hafi verið hægt að nýta nema tæpan þriðjung af þessu gamalræktaða túni til þökuskurðar, og það á svo löngum tíma, tveim sumrum, sem stefndi hafði til umræða í þessu skyni. Á það er bent áður, að stefndi hefur fyrir sitt leyti ekki tryggt sér neinar sannanir um þessi efni, en allt að einu verður þó fyrir varúðar sakir að miða við þær minnstu landstærðir, sem með nokkrum líkum geta komið til greina.

Samkvæmt þessu og með sérstakri hliðsjón og stuðningi af vætti Vals Þorvaldssonar ráðunauts verður niðurstaða dómsins sú að miða við 4.7 hektara, eða nálægt helmingi túnsins. Lítur dómurinn svo á, að það geti með engu móti talist óvarlega í sakir farið, enda þótt slíkt mat hljóti að vera nokkurri óvissu bundið, eins og til hefur tekist um sannanir í málinu, og báða aðilja er um að saka.

Ekki verður séð, að sérstaklega hafi verið samið um verð fyrir hinar skornu túnþökur. Stefndi telur að vísu, að gengið hafi verið út frá kr. 2 á fermeter, og hafi þetta reyndar verið „alger forsenda“ af hans hendi. Stefndandi neitar því hins vegar, að samið hafi verið um neitt ákveðið verð, hvorki 1968 né 1969. Gegn andmælum hans verður þetta því ekki talið sannað. Verður þá að miða við gangverð á túnþökum þessi ár, en það virðist hafa verið 2 kr. á fermeter fyrra árið, en 3 kr. síðara árið, enda viðurkennir stefndi að hafa greitt öðrum það verð. Stefndi skýrir svo frá, að hann hafi rist ofan af ca hálfum hektara fyrra sumarið, en afgangnum síðara árið. En þar sem stefndandi hefur miðað kröfu sína við, að sinn helmingurinn hafi verið ristur hvort sumar, verður á því að byggja og reikna heildarverðið samkvæmt því.

Eftir þessu verður niðurstaða dómsins sú, að stefndi greiði 2.35 ha á 2 kr. fermeterinn og 2.35 ha á 3 kr. ferm., eða samtals kr. 117.500, þar frá dragast greiðslur frá stefnda, samtals kr. 60.506. Verður stefnda þá gert að greiða mismuninn, kr. 56.994, auk vaxta, eins og krafist er í stefnu.

Rétt þykir eftir öllum atvikum, að hvor málsaðili greiði sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Ólason, löggiltur fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Ólafsson, greiði stefnanda, Jóni Pálssyni, kr. 56.994 auk 8% ársvaxta frá 6. maí 1971 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 68/1974. **Gunnar Pálsson**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Örlaugi Björnssyni og gagnsök

(Kristinn Einarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Leif Einarsson og Magnús P. Torfason.

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 1. ágúst 1973. Útivistardómur gekk í því máli 1. apríl 1974. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði aðaláfrýjandi málinu að nýju með stefnu 4. apríl 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Aðaláfrýjandi, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 13. desember 1973.